

SÝNATAKA Á VINNSLUVATNI OG ÍS**Sýnataka á vinnsluvatni:****Almennar leiðbeiningar**

Forðist að snerta lokið að innan eða brún ílátsins þegar sýnatökuglasið er opnað. Haldið alltaf í botn þess, þegar það er fyllt. Einnig ber að forðast trekk á tókustað. Nauðsynlegt er að vera hreinn um hendur og nota t.d. gerildehyði til að sótthreinsa hendur (ágætt að nota einnota hanska).

Vatnsmagn í sýni við hefðbunda örverurannsókn, þarf að vera a.m.k. 200 ml.

Hafa ber sýnatökuflátið lokað þar til sýnið er tekið til rannsóknar. Einnig skal ganga þannig frá sýni til sendingar að það haldist kalt (undir 10°C) og sé í myrkri þar til á rannsóknarstofu er komið.

Sýni á helst að mæla innan 6 tíma frá sýnatöku en í undantekningartilvikum má mæla sýnið innan 24 tíma. Því skal skrá sýnatökutíma á sýnaglösin.

Neysluvatn, notkunarstaður

1. Opnið kranann að fullu og látið renna í u.þ.b. 5 mínútur til þess að hreinsa burt vatn, sem staðið hefur í lögnunum og einnig til að hitastig vatnsins sé orðið stöðugt.
2. Minnkið rennslið, látið renna í u.þ.b. 1 mínútu og opnið sýnatökuglasið.
3. Gæta þarf þess að ekki slettist upp úr glasinu þegar rennur í það. Notið ekki leka krana sem sýnatökustað.
4. Lokið sýnatökuglasinu þéttingsfast og gangið frá því til sendingar á rannsóknarstofu eins og lýst er hér að ofan í almennum leiðbeiningum.

Sýnataka á ís:**Almennar leiðbeiningar**

Forðist að snerta lokið að innan eða brún ílátsins þegar sýnatökuglasið er opnað. Haldið alltaf í botn þess, þegar það er fyllt. Einnig ber að forðast trekk á tókustað. Nauðsynlegt er að vera hreinn um hendur og nota t.d. gerildehyði til að sótthreinsa hendur (ágætt að nota einnota hanska).

Hreinsa skal burtu efsta lag íssins áður en sýni er tekið.

Ísmagn í sýni við hefðbunda örverurannsókn, þarf að vera a.m.k. 200 gr.

Hafa ber sýnatökuflátið lokað þar til sýnið er tekið til rannsóknar.

Ganga skal þannig frá sýni til sendingar að það haldist frosið, þar til á rannsóknarstofu er komið.

Heimild:

Vinnuhandbók fyrir örverurannsóknir á matvælum og neysluvatni frá Matvælastofnun.